



Eftirlit með fæli- og löðunarvörum í gæludýrabúðum

–Eftirlit með markaðssetningu sæfivara í vöruflokki 19 haustið 2015



Formáli

Markmið efnalaga nr. 61/2013 er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna né umhverfi, tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði ESB og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu efnavara.

Árið 2004 var evrópsk tilskipun um sæfivörur innleidd á Íslandi með reglugerð nr. 1101/2004 og samkvæmt henni eiga allar sæfivörur að vera með markaðsleyfi þegar búið er að áhættumeta virku efni þeirra fyrir viðeigandi vöruflokk. Þessi evrópska tilskipun varð að reglugerð árið 2012 sem er innleidd með reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og um leið er reglugerð nr. 1101/2004 brottfelld.

Sæfivörur skiptast í 22 vöruflokka og skilgreining á vöruflokki 19, fæli- og löðunarefnum, er eftirfarandi:

PT19: Vörur sem eru notaðar til að verjast skaðlegum lífverum (hryggleysingjum á borð við flær og hryggdýrum á borð við fugla, fiska og nagdýr) með því að fæla þær frá eða laða þær að, þ.m.t. vörur sem eru notaðar til hreinlætis fyrir menn eða dýr, ýmist beint á húðina eða óbeint í umhverfi manna og dýra.

Fæli efni og löðunarefni geta innihaldið virk efni sem geta verið skaðleg bæði heilsu fólks og umhverfi og því er mikilvægt að þessar vörur séu áhættumetnar og virkniprófaðar til að minnka vahrif vörunnar og staðfesta það að varan sé jafn virk og haldið er fram.

Tilgangur og markmið

Samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 er Umhverfisstofnun falið að hafa eftirlit með markaðssetningu sæfivara. Gerð er krafa um að sæfivörur séu með markaðsleyfi og merktar samkvæmt lögum. Auk þess skal afhenda öryggisblöð þeim sem nota vörunar í atvinnuskyni.

Í þessu ljósi voru sett fram neðangreind markmið með þessu eftirlitsverkefni:

- Að ganga úr skugga um að fæli- og löðunarefni í gæludýraverslunum séu með markaðsleyfi eða að virka efnið í þeim sé tilkynnt í áhættumat.
- Að athuga hvort merkingar séu í samræmi við gildandi reglur.
- Að kanna hvort öryggisblöð séu aðgengileg fyrir þá sem nota vörurnar í atvinnuskyni og séu staðfærð, uppfærð og á íslensku.

Framkvæmd

Starfsmenn Umhverfisstofnunar fóru í eftirlit hjá 5 gæludýraverslunum. Í úrtaki voru fyrirtæki sem eru framarlega í aðfangakeðjunni og hafa mikla markaðshlutdeild. Ætla má að fyrirtækin sem voru í úrtakinu séu samanlagt með um eða yfir 90% markaðshlutdeild á fæli- og löðunarvörum hér á landi.

Farið var í eftirlit hjá eftirtöldum fyrirtækjum:

- Dýraland
- Dýralíf
- Dýraríkið
- Garðheimar Gróðurvörur
- Petmark ehf

Eftirlitsferðir fóru fram þann 12. nóvember 2015. Við komu á staðinn var eftirlitsþega afhent bréf þar sem markmið eftirlitsins komu fram og útskýrt var hvernig eftirlitinu yrði háttað. Fulltrúi fyrirtækis var viðstaddur og staðfesti með undirritun sinni að eftirlitið hefði farið fram.

Í eftirlitinu voru frávik eða athugasemdir skráð og ljósmyndir voru teknar af merkingum sæfivara sem féllu undir skilgreiningu á vöruflokki 19.

Helstu niðurstöður

Í eftirlitinu voru skoðaðar 55 vörur og í ljós kom að 15 þeirra féllu ekki undir skilgreiningu á sæfivörum í vöruflokki 19.

Merkingum á fjórum vörum var ábótavant. Þá voru fjórar vörur sem fengu tímabundna undanþágu til að vera á markaði þar sem þær féllu undir gamla undanþágu vegna matvæla og fóðurs (e. food and feed derogation). Níu vörur voru löglegar á markaði þegar eftirlitið fór fram en hefðu þurft markaðsleyfi fyrir 30. apríl 2016 þar sem virka efnið í þeim hefur nú verið áhættumetið. Upplýsingar um slíkar vörur komu fram í eftirlitsskýrslum og þær ættu að hafa verið fjarlægðar af markaði eftir 30. apríl síðastliðinn.

Öll fyrirtækin hafa brugðist við kröfum Umhverfisstofnunar.